



Skrifstofa alþingis við Austurvöll
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 1. júlí 2010

Efni: Umsögn Hafnarfjarðarbæjar um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Þskj. 1280 – 660 mál.

Hafnarfjarðarbær hefur móttengið tölvupóst dags. 25. júní 2010 frá lónaðaðarnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn vegna frumvarps til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.


Innan lögsögu Hafnarfjarðar eru háhitasvæði í Krýsuvík. Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitans í Krýsuvík kom út 1975. Miðað við stærð svæðisins, hita í jarðhitakerfinu kemur fram að 80% þess er aðgengilegt til borana og var reiknað út að svæðið geti staðið undir vinnslu raforku sem svarar til 2.400 GWh/ári í 50 ár, eða afl þess sé 300 MW til sama árafjöldi. Þetta frumvarp til verndar- og nýtingaráætlunnar tekur því til landssvæða í Krýsuvík.

Í rannsóknaráætlun fyrir Krýsuvíkursvæðið sem íslenskar orkurannsóknir unnu fyrir Hitaveitu Suðurnesja er sótt um rannsóknarleyfi á 295 km² svæði sem nær til Krýsuvíkur, Trölladyngju og Sandfells. Helsti rannsóknaráfanginn er borun þrettán rannsóknarholna, allt að 2500 m djúpar og einnig er ætlunin að bora rannsóknarholur til grunnvatnsrannsókna. Tilgangurinn er að kanna vinnslueiginleika jarðhitans m.t.t. nýtingar og til að auka þekkingu á jarðhitinum. Jarðhitaborholurnar verða boraðar með þeim hætti að þær geti nýst síðar til virkunnar. Af þessum 13 borholum er fyrirhugað að bora 6 í Krýsuvík. Ljóst er að borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningaskyld til skipulagsstofnunnar sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur nýverið samþykkt aðalskipulagsbreytingu og í kjölfarið deiliskipulag með það markmiði að heimila boranir til rannsókna.

Samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu þá mun það óbreytt binda hendur stjórnvalda við veitingu leyfa sem tengjast orkurannsóknnum og orkuvinnslu í þeim skilningi að eingöngu megi veita slík leyfi vegna framkvæmda sem falla í nýtingaflokk hennar. Þar sem ljóst er að Hafnarfjarðarbær á talsverða hagsmuna að gæta er óskað eftir fullu samráði og samvinnu við gerð verndar- og nýtingaráætlunarinnar í landi bæjarins.

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

Hafnarfjarðarbær styður markmið frumvarpsins í meginráttum þar sem nýting háhitavæða og landssvæða byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildi náttúru og menningarsögulegra minja. Þau sjónarmið rýma við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og velferðaráætlun í anda Staðardagskrár 21.

Berglind Guðmundsd.

Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt fíla
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5519 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is